



Umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. vegna fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verktöku í sjúkraflutningum – R21070161

Þann 12. ágúst 2021 barst Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins neðangreind fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði, með ósk um umsögn innan þriggja vikna.

Eftirfarandi er umsögn slökkviliðsstjóra, Jóns Viðars Matthíassonar.

Fyrirspurnin

„Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort ekki sé tímabært að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hætti verktöku í sjúkraflutningum þar sem það getur haft áhrif á að SHS geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. SHS hefur lögbundin verkefni sbr. 3. gr. reglugerðar um slökkvilið sem er allt slökkvistarf innan og utanhúss, viðbrögð við mengunarslysum og fjölmargt fleira sbr. reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit. Samkvæmt 4. gr. reglugerðar um starfsemi slökkviliða er heimilt er að fela slökkviliði önnur verkefni en þau sem kveðið er á um í 3. gr. Verktakavinna má þó ekki draga úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort þetta tvennt sé ekki ósamrýmanlegt? Ítrekað hefur komið fram að skortur er á mannafla í slökkviliðinu og þegar stórbruni eða mörg útköll bera að höndum, vanti fólk til starfa. Það segir sig sjálf að það hljóta að koma tilfelli þar sem slökkviliðsmaður er ekki til taks til að sinna lögbundnu verki vegna verkefna sem hann hefur fengið leyfi til að taka að sér sem verktaki. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort ekki sé kominn tími til að leggja af þessa verktöku og að SHS sinni einvörðungu lögbundnu hlutverki sínu og hafi þá rýmri tíma til æfinga og þjálfunar starfsfólks síns?“

Samrekstur slökkviliðs og sjúkraflutninga

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) og forverar þess hafa sinnt sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu frá upphafi þeirra, í verktöku fyrir ríkið frá því að sjúkraflutningar fluttust á forræði fyrir um 30 árum síðan, en málaflokkurinn var í höndum sveitarfélaga til ársins 1991.

Reynslan af samrekstri slökkviliðs og sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu er því orðin mikil og löng á hartnær 100 árum og hefur sýnt sig að vera til hagsbóta fyrir samfélag af okkar stærðargráðu.

Samrekstur slökkviliðs og sjúkraflutninga er ákjósanlegur í ljósi þess að með honum er hægt að samnýta mannauðinn. Starfsfólk er með menntun bæði í slökkvistörfum og sjúkraflutningum og geta því sinnt báðum þáttum. Þannig er alla jafna hægt að mæta betur álagstoppum án þess að komi til rofs á þjónustu vegna manneklu en ef um væri að ræða aðskilinn rekstur. Á sama máta gerir stærð liðsins það að verkum að slagkrafturinn verður mun meiri en ella í stórum verkefnum heldur en ef liðið væri einungis mannað fólki sem sinnir eingöngu lögbundnum verkefnum slökkviliðs. Í dag er hægt að boða um 200 manns í stórútköll, s.s. í stórslys eða stóran eldsvoða. Ef slökkvilið væri rekið án sjúkraflutninga væri þessi styrkur umtalsvert minni.

Annar kostur við samreksturinn er svo hin fjárhagslega samlegð sem margoft hefur verið sýnt fram á með úttektum háðra og óháðra aðila að kemur bæði sveitarfélögum og ríki til góða. Ef slökkvilið og sjúkraflutningar væru aðskildar rekstrareiningar þyrfti heildarfjöldi þeirra sem standa vaktir að aukast umtalsvert umfram það sem nú er, sem og fjöldi starfsfólks við stjórnun og stoðþjónustu. Mönnunarpörfin væri meiri og samnýting minni.



Samningar við ríkið um verktöku

Samrekstur slökkviliðs og sjúkraflutninga hefur þótt gott fyrirkomulag bæði hér á landi sem annars staðar. Samnýting mannauðsins eykur öryggi borgaranna ef rétt er fjármagnað. Rekstrarlega hagræðingin er augljós og viðbragðspróttur meiri.

Árið 2014 náðist tímamótasamningur við ríkið um rekstur sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu þegar framlag ríkisins tók í fyrsta sinn mið af magnaukningum, þ.e. fjölgun íbúa og sjúkraflutninga, en ekki aðeins vísitölubreytingum. Samningurinn var til bóta fyrir bæði slökkvistörfin og sjúkraflutningana og sérstaklega fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Þetta varð til þess að hægt varð að fjölga starfsfólki í varðliðinu, þ.e. þeim sem standa vaktir á sjúkra- og slökkvibílum, í takt við aukið álag. Árið 2014 var 121 fastráðinn í varðliði SHS en í dag er varðliðsfólk 160 talsins og hefur því fjölgað um 40 manns sem er 32% aukning. Einnig eru um 14 starfsmenn í tímabundinni ráðningu fram að áramótum vegna aukins álags í sjúkraflutningum og Covidflutningum.

Viðbragðsstyrkur slökkviliðs vegna álags í sjúkraflutningum

Þrátt fyrir þessa miklu fjölgun starfsfólks hefur hún ekki alveg dugað til þess að standa undir auknu álagi í sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu og því gert það að verkum að viðbragð í slökkviþættinum getur verið takmarkað ef útkall kemur á sama tíma og mikið álag er í sjúkraflutningum. Ef það er faliðað á þeirri stöð sem næst er útkallsstað er ávallt boðaður mannskapur af öðrum stöðvum til þess að fullmanna viðbragðið, en SHS er með fjórar starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun samþykkti brunavarnaáætlun SHS árið 2018 með ákvæði um árlega endurskoðun á mönnun aðgerða- og forvarnasviða. Hún snýst um að mönnun liðsins uppfylli lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem um starfsemina gilda. Notaðir eru sérstakir mælikvarðar, unnir í samvinnu við HMS, til að fylgjast reglubundið með því að liðið sé ávallt nægilega vel mannað til að sinna lögbundnum verkefnum og að önnur verkefni skerði ekki getu þess á neinn máta.

HMS hefur gefið út álit sitt vegna starfsársins 2019, sem unnið var út frá niðurstöðum mælinga á viðbragðsstyrk og viðbragðstíma í útköllum, sem og uppfyllingu skoðunaráætlunar eldvarnaeftirlits. Þar kemur fram að mönnun sé ásættanleg en komin að þolmörkum.

Það er mikilvægt að dæma ekki samreksturinn út frá því ástandi sem ríkir núna vegna heimsfaraldurs COVID-19, sem hefur valdið meira álagi á sjúkraflutningana og gert stöðu SHS varðandi mönnun enn þrengri. Í ágústmánuði sinnti SHS 1.069 Covidflutningum, en af þeim voru aðeins 40 flutningar á liggjandi sjúklingum en 1.029 flutningar á sitjandi aðilum. Því er færi til þess að leita nýrra lausna í ljósi þess að talið er að veiran verði landlæg hér á næstu misserum og eru viðræður í gangi um að færa svokallaða sitjandi flutninga á Covidsýktum einstaklingum frá SHS til að styrkja betur viðbragðsprótt liðsins gagnvart öðrum sjúkraflutningum.

Það er eðli starfsemi SHS að bregðast hratt við og sinna því sem upp kemur en einnig er mikilvægt að vera vakandi að leita nýrra leiða til þess að finna lausnir og gera betur til þess að tryggja öryggi fólksins á höfuðborgarsvæðinu og veita því sem besta þjónustu. Vonandi er flutningur á sitjandi Covidflutningum jákvætt skref í rétta átt í þeirri vegferð.